

## Viðbætur.

*Bréf biskups (til allra prófasta).*

Eins og kunnugt er, er prestum hér á landi í tilsk. 27. maí 1746 boðið að húsvitja á hverjum bæ í sóknunum sínum að minsta kosti tvisvar á ári og jafnvel optar, þar sem svo á stendr. En alt fyrir það mun það hafa orðið almenn venja hér á landi að húsvitja að eins einu sinni á ári, og má, ef til vill, telja henni margt til málbóta, eins og tilhagar hjá oss með viðlendi sumra prestakalla, veðráttufar og fleira, enda mundi þetta og vera viðunanlegt, ef húsvitjanirnar væru svo af hendi leystar, eins og vera ber og löggjafinn hefir til ætlast, Það er óyggjandi, að hver sá prestur, sem lætur sér ant um köllun sína og er virtr og elskaðr af söfnuði sínum, getur í húsvitjunum sínum komið mjög miklu góðu til leiðar, ef hann nákvæmlega fylgdi boðum löggjafarinnar í þessu efni, sem býður prestum ekki einungis að líta eptir uppeldi barna og grenzlast eptir bóklestri þeirra og kunnáttu í kristindóminum, heldr og að sjá um, að alstadar séu til nógar guðsordabækur og yfir höfuð að reyna til að efla gott samlyndi og sannan guðsótta á heimilunum. Auk þess sem slíkar húsvitjanir, þegar þær eru gjörðar með alúð og kærleiksfullri vandlætingu hljóta að efla hylli og álit sóknarprestisins hjá öllum góðum mönnum, þá eru þær síðferðislegt aðhald bæði fyrir eldri og yngri til að vanda ráð sitt og einkanlega eru þær það bæði fyrir unglunga til að vekja áhuga þeirra á að læra og viðhalda því, sem þeir nema, og sömuleiðis fyrir foreldra og húsbændr til að láta sér ant um framfarir barnanna.

Af því að það orð leikr á, að hirðuleysi um húsvitjanir sé á seinni árum að fara í vöxt hér á landi, og að einstakir prestar húsvitji ekki í söfnuðum sínum svo árum skiptir, eða séu jafnvel hættir því, og þetta er alveg óþolandi óregla, finn eg mig knúðan til hér með þenustusamlega að biðja yðr, herra prófaster, um leið og þér birtið prestunum í yðrar prófastsdæmi þetta bréf mitt, að áminna þá um að fullnægja rækilega hér að lútandi skyldu sinni og sömuleiðis láta mig vita, skyldi nokkur þeirra mót von minni sýna tregðu eða tómlæti í svo áriðandi efni.

*Reglur fyrir færslu kirkjueikninga (samdar af biskupi).*

### A, Inntekt.

1. Fasteignarhundruðin reiknist saman eptir hinni nýu jarðabók, staðfestri með tilsk. 1. apríl 1861, og skulu engar jarðir né ábyli þar frá undanskiljast, nema órækar ástæður séu fyrir að lögum og landsvana.
2. Hin tíundarbæru lausafjrhundruð teljist saman eptir sönnuðum útskriftum af sveitarbókunum, er hreppstjórar árlega gefa prestum.
3. Tíundin af hinum þannig tíundarbæru fasteigna- og lausafjrhundruðum reiknist út

1) Bréf þetta og þau 3 skjöl, er koma á eptir því, eru prentuð eptir tilmælum biskups, með því það virðist æskilegt að brýna þau á ný fyrir hlutadeigöndum og sér í lagi vekja athygli hinna yngri presta á þeim, og með því, að bréflu um húsvitjanir og meðhjálpara presta á svo verulegan hátt snerta samband milli presta og safnaða, að þau virðast eiga að koma fyrir sjúvir almennings.

Hinn 31. desember 1874.

53

9da apríl  
1866.

54

28da febr.  
1867.